

3. mál Kosning borgarstjóra

Forseti: Þá er það þriðji liður á dagskrá sem er kosning borgarstjóra. Þriðji liður á dagskrá sem er kosning borgarstjóra. Aðeins ein tillaga liggur hér frammi en um hana þarf að greiða atkvæði og ég vil biðja borgarfulltrúa sem ekki eru í salnum um að fá sér sæti. Þá eru allir mættir. Fer þá fram kosning borgarstjóra og hér liggur frammi ein tillaga um Jón Gnarr Kristinsson. Þeir sem greiða þeirri tillögu atkvæði gefið merki. Tillagan er afgreidd með níu atkvæðum og því skoðast Jón Gnarr Kristinsson réttkjörinn borgarstjóri Reykjavíkur. [Klappað.]

Mig langar að minna gesti á pöllum á það í mestu vinsemd að hér leyfist lítið af þessu og bið menn um að sýna því virðingu og skilning að fundurinn þarf að fara fram en gef þá orðið hæstvirtum borgarstjóra. Gjörðu svo vel.

3. mál **Kosning borgarstjóra**

Borgarstjóri Jón Gnarr: Háttvirtur forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka Reykvíkingum það mikla traust sem þeir hafa sýnt mér og Besta flokknum með því að kjósa okkur. Það er gott. Besti flokkurinn var stofnaður fyrir rúmlega sex mánuðum síðan. Ég veit ekki almennilega af hverju ég stofnaði hann eða hvernig ég fékk hugmyndina. Ég veit ekki hvaðan hugmyndir koma eða hvernig þær verða til og veit ekki hvort það hefur verið eitthvað rannsakað. Það getur líka verið að ég hafi eitthvað heyrt um það en sé búinn að gleyma því. Ég man það ekki.

Ég hef gert margt skemmtilegt um ævina. Ekkert af því kemst þó í hálfkvist við Besta flokkinn. Hann er líka líklega það merkilegasta og gagnlegasta sem ég hef búið til, fyrir utan börnin mín. Besti flokkurinn er ekki stjórnmalaflokkur í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur meira einhverskonar pólitískt party. Hann dregur líka fram það besta í öðrum flokkum enda er hann skapaður úr því besta úr þeim sjálfum. Hann er meira ímyndunarafl en rökhugsun. Með rökhugsun getur maður einungist ferðast frá A til B en með ímyndun hvert sem er. Þess vegna vinnum við líka náið með öðrum flokkum og leggjum áherslu á gott samstarf.

En er Besti flokkurinn grín? Er hann grínflokkur? Ég held ekki. Það er mikil grunnhyggni að halda að gamansemi sé að vera ekki alvarlegur. Ég er samt ekki að fullyrða neitt um það. Ég er enginn sérfræðingur í gríni. En mér finnst samt að fólk ætti að skrifa þetta niður og ræða þetta við aðra. Og ekki væri verra að gera það í heitu pottunum eftir sundsprett í lauginni.

Þegar ég var lítill langaði mig mest að verða trúður í sirkus þegar ég yrði stór. Ég leit sérstaklega til sirkus Billy Smart í því sambandi enda var það eini sirkusinn sem ég vissi um á þeim tíma. Hann var líka með ísbirni. Foreldrar mínir og kennarar sögðu að þetta væri léleg hugmynd og Billy mundi aldrei vilja ráða mig, og alls ekki ef ég væri ekki duglegur í skólanum. Mér fannst það hæpið. Billy kom mér ekki fyrir sjónir sem maður sem væri eitthvað að hengja sig í neikvæðni og smáatriði. Ég gat ekki ímyndað mér að það skipti Billy einhverju máli hvort ég kynni margföldunartöfluna eða ekki svo framarlega sem ég væri skemmtilegur og

gefandi. Þessi afstaða mín gerði marga reiða og þegar fólk verður reitt vill það mjög gjarnan að allir í kringum það verði hræddir. Það var reynt að hræða mig til að hugsa minna um Billy Smart og meira um margföldunartöfluna. Ég var ósammála og svaraði með útúrsnúningum og gríni. Ég skrifaði „Svitasprey“ sem svar við öllum margföldunardæmum. Það féll ekki í góðan jarðveg. Kennarinn minn varð mjög reiður og sagði að ég mundi aldrei komast neitt áfram í lífinu á fíflangangi. Það reyndist ekki rétt. Ég varð kannski aldrei trúður í sirkus Billy Smart en ég náði að verða borgarstjóri í Reykjavík.

Fólk er gjarnan hrætt við það sem það skilur ekki og hefur ekki verið gert áður og hefur tilhneigingu til að mæta slíku af tortryggni. Margir eru á móti nýjungum og finnst þægilegast að gera hlutina bara eins og þeir hafa alltaf verið gerðir og hefð er fyrir. Besti flokkurinn er ekki svoleiðis. En það þarf samt enginn að vera hræddur við Besta flokkinn af því að hann er besti flokkurinn. Ef hann væri það ekki hétu hann Versti flokkurinn eða hreinlega Vondi flokkurinn. Við mundum aldrei fara í samstarf með slíkum flokki. Með þessu er ég samt ekki að segja að allir skilji Besta flokkinn. En það er allt í lagi. Að þessu leyti er Besti flokkurinn ekki ólíkur Múmínþabba. Það skilja hann ekki allir. En allir vita að hann er ekki vondur þótt hann sé stundum svolítið ruglaður. Hann passar líka alltaf að hafa gott fólk í kringum sig.

Síðustu vikur hafa verið mjög merkilegar fyrir alla sem hafa áhuga á stjórnmálum. Þær hafa jafnvel líka verið merkilegar fyrir þá sem hafa ekki áhuga á stjórnmálum en kannski á annan hátt. Fólk hefur verið að kynnast, hittast á fundum og spjalla. Skemmtilegar umræður hafa skapast. Allt samstarf hefur gengið mjög vel. Margir horfa á The Wire. Fólk hefur jafnvel verið að hittast í heimahúsum og horfa saman á Wire. Hefur þar oft verið glatt á hjalla þótt alvaran sé aldrei langt undan. Allir stefna að sama takmarki; sem er að gera Reykjavík að fallegri og skemmtilegri borg þar sem fólki líður vel og sýnir hvert öðru náungakærleik.

Sú hugmynd hefur jafnvel komið upp að kalla einn dag á ári Góðan daginn, daginn. Þann dag mundu allir borgarþátttakar bjóða hver öðrum góðan daginn og brosa hver til annars. En er það raunhæft? Er hægt að fá fólk til að hafa minni áhyggjur og vera betra hvert við annað? Ég held það. Ef það var hægt í Kardimommubæ þá er það hægt í Reykjavík. Um það eru allir vísindamenn

sammála. Þótt borgirnar séu ólíkar að stærð og eðli er menningin hin sama og við eigum meira sameiginlegt en ekki.

Framundan eru spennandi og skemmtilegir tímar þar sem margt óvænt getur gerst. En það verða líka erfiðleikar. Þannig er það bara í lífinu. Mistök munu halda áfram að gerast. Sá sem gerir engin mistök gerir heldur aldrei neitt. Það er samt óþarfi að vera leiður eða með áhyggjur. Áhyggjur eru gagnslausar og hafa aldrei leyst nein vandamál. Það hefur enginn leyst neina þraut með því að hafa áhyggjur af henni. Það hefur jákvæðni aftur á móti gert. Þannig eru áhyggjur og jákvæðni andstæður. Vandamálín eru hin sömu. Þetta er spurning um viðhorf. Kannski er kærleikurinn svarið við öllum okkar vandamálum. Það er að minnsta kosti inntakið í flestum vinsælum dægurlögum og spekiritum. En kærleikur er ekki hugarástand eða tilfinning eins og margir halda. Hann er gjörningur. Það er tilgangslaust að segja við einhvern í sífellu: „Ég elska þig, ég elska þig“ en gera aldrei neitt gott fyrir viðkomandi.

Ef við viljum sýna öðrum kærleika verðum við að gera eitthvað fyrir þá. Þá gerum við góðverk og eftir það líður okkur vel. Það er bara þannig. Sá sem gefur græðir á endanum meira en sá sem þiggur. Kannski getum við í framtíðinni haft góðan daginn, daginn marga daga á ári. Ég vona það. Ég hef því ákveðið að gera Kardimómmubæinn að vinabæ Reykjavíkur. Þakka ykkur fyrir og hlakka til að hitta ykkur og vinna með ykkur og fyrir ykkur í framtíðinni.

All you need is love, love is all you need! Takk fyrir.

Forseti: Ég bið fundargesti aftur um að virða fundarsköp í þessum sal en næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

3. mál **Kosning borgarstjóra**

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil í upphafi máls míns óska nýkjörnum borgarstjóra hjartanlega til hamingju með kjörið, svo og nýkjörnum forseta borgarstjórnar, fyrsta varaforseta og öðrum varaforseta og öllum nýjum borgarfulltrúum hér í þessum sal og hlakka til þess að vinna með þeim. Það kemur í minn hlut að greina frá afrakstri samstarfs, sameiginlegra funda og samtala síðustu vikna, samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Þetta plagg er í nokkrum köflum og ég reyni að gefa til kynna hvenær eru kaflaskil. Upphaf plaggisins er raunar listi yfir fyrstu verk sem ég ætla mér að lesa þegar ég er búinn að fara í gegnum skjalið.

Samstarfsyfirlýsing Besta flokksins og Samfylkingarinnar, lýðræði og þátttaka.

Lýðræði og þátttaka

Fjölgað verði beinum atkvæðagreiðslum um mikilvæg mál og settur skýrari rammi um framkvæmd þeirra.

Samráð verði haft við íbúa og foreldra í skipulags-, umhverfis- og skólamálum, það gert markvissara og stutt við aðkomu þeirra að lykilákvörðunum.

Nefndum verði fækkað og hið pólitíska stjórnkerfi einfaldað. Sambærileg endurskoðun fari fram á stjórnsýslunni.

Borgarráð taki við verkefnum framkvæmda- og eignaráðs.

Menntaráð og leikskólaráð sameinist og nefnist „menntaráð“.

Skipulagsráð nefnist „skipulags- og samgönguráð“ og taki við samgöngumálum af umhverfis- og samgönguráði.

Umhverfisráð nefnist „umhverfis- og auðlindaráð“. Ráðið fari með stefnumótun í orku- og auðlindamálum og taki einnig við verkefnum heilbrigðisnefndar.

Framtalsnefnd verði lögð niður og verkefni hennar lögð undir velferðarráð.

Stjórnsýsla í Ráðhúsi verði endurskipulögð og einfölduð.

Hverfaráð verði efld.

Skerpt verði á verkaskiptingu milli stjórnámálanna og embættismanna.

Öll störf hjá Reykjavíkurborg, önnur en pólitískra aðstoðarmanna, verði auglýst og ráðningar ákveðnar á faglegum forsendum.

Siðareglur borgarstjórnar verði endurskoðaðar.

Reykjavíkurborg þrýsti á að sett verði á stofn siðanefnd á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga til að úrskurða í álitamálum og þegar grunur vaknar um brot á siðareglum.

Hverfastefna (þetta eru kaflaskil)

Aukin verkefni og fjárráð flytjist til hverfaráðanna.

Í samráði við íbúa og starfsfólk verði útfærðar tillögur um hvernig best sé að draga úr miðstýringu og auka sjálfstæði hverfanna með eflingu hverfaráða, hverfatengdrar þjónustu og forgangsröðun í rekstri innan hverfis.

Innflytjendur og jafnréttismál (kaflaskil)

Þjónustu- og ráðgjafarhlutverk borgarinnar við innflytjendur verði endurskoðað í samráði við fulltrúa innflytjenda, önnur sveitarfélög og ríkið.

Fjölmenningu og framlagi innflytjenda til samfélagsins verði gert hærra undir höfði.

Félög innflytjenda taki þátt í stefnumótun borgarinnar.

Þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna í frístundastarfi verði aukin í samstarfi við íþróttafélög, skólahljómsveitir, lífsskoðunarfélög og listaskóla.

Móðurmálskennsla barna af erlendum uppruna og íslenskukennsla fyrir innflytjendur verði eflað í samvinnu við grasrótarsamtök.

Þróun kynbundins launamunar verði könnuð reglulega og brugðist við henni með áætlun sem hefur það að markmiði að honum verði útrýmt að fullu.

Mörkuð verði stefna um jafnréttisfræðslu. Grunn- og leikskólar mæti þörfum bæði stráka og stelpna.

Mótuð verði aðgerðaáætlun gegn ofbeldi og einelti. Tryggt verði að allt starfsfólk borgarinnar bregðist markvisst við þegar grunur leikur á um ofbeldi og einelti.

Allskonar (kaflaskil)

Borginni verði stjórnað með bros á vör.

Stefnt skal að því að þróa „norðurhjaragarð“ í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum með sérstakri áherslu á náttúruvernd og tengingu hans við skólana í borginni.

Bílaumferð á tilteknum svæðum í miðborginni verði takmörkuð í tilraunaskyni.

Hálfbýggð skólahverfi verði kláruð. Útþensla borgarinnar verði stöðvuð.

Lýðræðis- og ábendingagáttin „Betri Reykjavík“, www.betrireykjavik.is, verði þróuð frekar á vef Reykjavíkurborgar. Hugað verði að aðgengi þeirra sem ekki eru nettengdir að umræðum og ákvarðanatökum.

Áhersla verði lögð á samveru og sameiningu kynslóðanna. Markvisst verði unnið að því að rjúfa félagslega einangrun, sérstaklega aldraðra, í samvinnu við einstaklinga, félög og stofnanir í hverfum. Drepum ekki gamla fólkið úr leiðindum.

Eigendur niðurníðdra húsa í borginni verði hvattir til að koma þeim í viðunandi horf. Dagektum verði beitt ef frestir til aðgerða eru ekki virtir.

Embætti borgarstjóra verði fært nær borgarbúum.

Atvinna

Efnt verði til funda með samtökum í atvinnulífi og fulltrúum fyrirtækja og stofnana til að skilgreina stöðu, styrkleika og sóknarfæri atvinnulífs Reykjavíkurborgar til skemmri og lengri tíma.

Nágrannasveitarfélögum, ríkisstjórn, menntastofnunum og aðilum vinnumarkaðar verði boðið til þátttöku í samningi um vöxt atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu. Markmið samningsins verði að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja í virkri alþjóðlegri samkeppni, auka veltu þeirra, verðmætasköpun, útflutningstekjur og skapa þannig grunn fyrir umtalsverða fjölgun starfa á næstu misserum.

Þróunar- og nýsköpunarfélag Reykjavíkurborgar í atvinnumálum verði endurreist. Það verði vettvangur samstarfs opinberra og einkaaðila um að fjölga nýjum fjárfestingum í borginni.

Höfuðborgarstofa, viðburða- og markaðsskrifstofa Reykjavíkurborgar í ferðaþjónustu, verði opnuð fyrir aðkomu, fjármagni og nánara samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki.

Mörkuð verði heildarstefna fyrir afþreyingu ferðamanna í Reykjavík, með áherslu á fjölskyldufólk. Stutt verði sérstaklega við hátíðir og viðburði sem eiga sér stað utan háannatíma í komu ferðamanna.

Átak verði gert í að gera Reykjavík enn ferðamannavænni, til dæmis með merkingum og upplýsingaskiltum á erlendum tungumálum.

Stutt verði við uppbyggingu þekkingar- og heilbrigðistengdra fyrirtækja með samstarfi um beina markaðssetningu á háskólasvæðunum í Vatnsmýrinni í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Reykjavíkurborg greiði fyrir skipulagi stúdentaíbúða og annarra innviða sem stuðla að sömu markmiðum.

Einangrun og óvirkni ungra atvinnuleitenda verði rofin með samstarfi ríkis og borgar, stéttarfélag, símenntunarmiðstöðva, ÍTR, grunn- og framhaldsskóla.

Börn og skólar

Leikskóla- og menntaráð verði sameinuð og heiti „menntaráð“ enda er leikskólastigið fyrsta skólastigið og mikilvægt að skapa tengsl milli menntunar allt frá upphafi leikskólagöngu til loka framhaldsnáms.

Borginni verði mörkuð barna- og fjölskyldustefna.

Systkinaforngangur verði tekinn upp í leikskólum.

Leik- og grunnskólar og frístundaheimili móti sér menningarstefnu á grundvelli „vegvisis til listfræðslu“ frá UNESCO og gerð verði áætlun um samstarf þeirra við listamenn og menningarstofnanir.

Skólar geti keppt um „menningarfána“. Skólar sem skara fram úr í menningar- og listfræðslu fengju þannig viðurkenningu. Slíkum fánum gæti fjölgað eftir áherslum í skólasamfélaginu hverju sinni, t.d. bættust við vísindafáninn og heilsufáninn.

Starfsdagar og frí í leik- og grunnskólum verði samræmdir innan hverfa.

Samhliða aukinni fagmennsku með lengingu kennaranáms leggi leikskólinn aukna áherslu á ögrandi viðfangsefni við hæfi hvers og eins barns.

Stefnt verði að því að samþætta skóla- og frístundastarf með nýjum leiðum, svo kraftar allra nýtist í þágu barnanna.

Foreldrum verði gert kleift að láta skoðun sína á skóla barna sinna í ljós með stuttum rafrænum skoðanakönnunum með reglulegu millibili.

Samstarf leik- og grunnskóla verði aukið í verkefnum tengdum málþroska og byrjendalæsi.

Listnám og hreyfing verði í boði á skólatíma og í skólahúsnæði. Leitað verði leiða til að sem flest börn geti notið listkennslu og hreyfingar.

Samstarf þeirra sem koma að menntun, umönnun og uppeldi barna og ungmenna verði aukið. Þjónusta, stuðningur og ráðgjöf við börn, fjölskyldur og skóla á heima úti í hverfunum. Skólarnir verði opnaðir fyrir þátttöku foreldra og sjálfboðaliða.

Hugað verði að byggingu nýs sérskóla þar sem starfsemi Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla fer undir þak. Skóli án aðgreiningar verði sem fyrr hornsteinn menntastefnu borgarinnar.

Tækifæri til kennara- og skólastjóraskipta verði athuguð með það að markmiði að stuðla að útbreiðslu þekkingar, auknu samstarfi milli skóla og starfsþróun.

Skólastjórar verði ráðnir til ákveðins árafjölda í senn en heimilt verði að endurnýja samninga að þeim tíma liðnum.

Auka skal vægi siðfræði, heimspeki, tjáningar og samvinnu í námi barna í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum.

Aðgerðir til að vinna gegn áhugaleysi stráka í skólum verði forgangsmál. Karlkennurum verði fjölgað eins og kostur er.

Viðhald og verklegar framkvæmdir

Sumarið 2010 verði kapp lagt á að gera sameiginleg græn svæði og leiksvæði borgarinnar fín og íbúum, hópum og félagasamtökum boðið að taka þau að sér. Sérstök áhersla verði lögð á ömmu- og afaróló þar sem kynslóðirnar geti notið lífsins saman.

Settur verði upp ábendingavefur um nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir í Reykjavík.

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar verði tekin til endurskoðunar og stefnt að því að tvöfalda viðhald á fasteignum borgarinnar árin 2011-2012. Með því að flýta brýnum viðhaldsverkefnum, sem annars hefðu komið til framkvæmda 2013-2015, skapast störf þegar mest þarf á þeim að halda.

Sett verði fram heildstæð áætlun um endurnýjun eldri hverfa. Í stað þess að hverfin drabbist niður í kreppunni verði lögð áhersla á viðhald og endurnýjun á opinberum byggingum, auk endurbóta á borgarumhverfinu og útisvæðum.

Eflingu mannlífs og borgarmyndar í Efra-Breiðholti verði hleypt af stokkunum undir merkjum átaksins: „111 Reykjavík“.

Liðka skal fyrir samstarfi við Vinnumálastofnun um starfsþjálfunarsamninga, sérstök tímabundin átaksverkefni og „starfsorku“ sem býður fullar atvinnuleysisbætur með hverjum starfsmanni á atvinnuleysisskrá í allt að eitt ár þegar ráðist er í nýsköpunarverkefni eða markaðssetningu erlendis.

Meira allskonar

Stefnt er að því að beita óvenjulegum aðferðum til að auka náungakærleik í borginni okkar.

Grænum svæðum innan borgarmarkanna verði betur sinnt og þau gerð líflegri.

Menningarsögu kvenna í borginni verði gert hærra undir höfði.

Við uppbyggingu íþróttastöðu verði fyrst horft til þeirra hverfa þar sem lítil aðstaða er í boði, til dæmis Grafarholts, Norðlingaholts og Úlfarsárdals.

Kannaður verði möguleiki á eflingu alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík og stutt við hugmyndir um „kvikmyndastofu“, heimili kvikmyndanna í Regnboganum.

Útfærðar verði leiðir til að tryggja notkun á auðu húsnæði og laða smærri fyrirtæki að hverfum borgarinnar.

Leiðindi í borgarkerfinu verði leituð uppi og þeim útrýmt nema ríkir almannahagsmunir geri þau algjörlega nauðsynleg.

Stofnun fyrirtækja verði einfölduð. Einfalda skal leyfisveitingar og umsóknarferli fyrir þá sem vilja stofna til rekstrar í Reykjavíkurborg.

Auðvelda skal fólki að gera breytingar á íbúðarhúsnæði til að bæta aðgengi fatlaðra og aldraðra. Með því er þeim gert kleift að búa lengur heima. Jafnhliða eykst eftirspurn eftir vinnu hönnuða, arkitekta og iðnaðarmanna.

Umhverfis- og auðlindamál

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur verði „umhverfis- og auðlindaráð“ og fái það hlutverk að móta orku- og auðlindastefnu borgarinnar.

Sameiginlegt eignarhald borgarbúa á auðlindum í borgarlandinu verði tryggt og kveðið á um eðlilegt afgang af þeim.

Orkuskipti í samgöngum og rafvæðing samgangna verði forgangsmál til framtíðar.

Stefnt verði að því að innan áratugar verði a.m.k. annar hver bíll í Reykjavík knúinn innlendra, vistvænni orku. Borgin beiti sér og Orkuveitu Reykjavíkur fyrir markvissu átaki í þessu efni í samvinnu og samráði við löggjafar- og framkvæmdavald, nágrannasveitarfélög, fyrirtæki, frjáls félagasamtök og aðra þá aðila sem hjálpað geta til við að ná þessu markmiði.

Sett verði skilgreind og tímasett markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík.

Borgin gangi fram með góðu fordæmi þegar kemur að endurnýjun bílafloata hennar og byggi hann upp á raf- og metanknúnum bílum.

Áhersla skal lögð á að vernda ströndina þar sem hún er ósnortin og græna trefillinn umhverfis höfuðborgarsvæðið.

Borgin setji gott fordæmi með því að setja stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar metnaðarfulla umhverfis- og samgöngustefnu með mælanlegum markmiðum.

Leitast skal við að styrkja nafn Reykjavíkur sem miðstöð í rannsóknum á málefnum norðurslóða, loftslagsbreytinga, jarðhita og endurnýtanlegum orkugjöfum.

Unnið verði að því að stórauka endurvinnslu.

Kannaður verði grundvöllur fyrir því að umhverfisvotta Reykjavík.

Skipulags- og samgöngumál

Skipulagsráð verði „skipulags- og samgönguráð“ til að undirstrika samhengi skipulags og samgangna í borgarmyndinni.

Svæðisskipulagsráð eða annar sameiginlegur vettvangur sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins hafi vald til að móta og stýra stefnu á sviði landnotkunar, byggðaðróunar, samgangna og umhverfismála.

Reykjavík eigi frumkvæði að því að unnið verði nýtt svæðisskipulag sem nái frá Reykjanesi í vestri, Árborgarsvæðinu í austri og Borgarnesi í norðri, og að til verði sameiginleg sýn á umhverfis-, atvinnu- og húsnæðismál á öllu svæðinu.

Réttur íbúanna á að vera skýr og öllum skiljanlegur. Þeim á að bjóðast ókeypis mat hlutlausra sérfræðinga á byggingarmagni, hæðum, nýtingarhlutfalli, skuggavarpi og umferðarspám. Málsmeðferð í skipulags- og byggingarmálum verði einfölduð og þjónustumiðuð.

Hugað verði sérstaklega að sameiginlegum borgarrýmum, svo sem Hlemmi, Ingólfstorgi, Lækjartorgi, Óðinstorgi, Vitatorgi, Spönginni, Árbæjartorgi og fleiri.

Með betra borgarskipulagi, blöndun byggðar, styttingu á vegalengd milli heimila og vinnu, betri almenningssamgöngum og bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur verði dregið úr þörfinni fyrir sífellt stærri og dýrari umferðarmannvirki.

Færri mislæg gatnamót, fleiri einlæg gatnamót!

Hjólandi og gangandi njóti forgangs í umferðinni. Götur verði gerðar fallelgri. Hjólreiðaáætlun verði unnin fyrir höfuðborgarsvæðið og hrint í framkvæmd í Reykjavík.

Farið verði í markvissar aðgerðir til að draga úr umferðarhættu, svifryks- og hávaðamengun í borginni. Dregið verði úr notkun nagladekkja og umferðarhraða, og bílastæðareglur endurskoðaðar.

Auka skal ferðatíðni og bæta leiðakerfi strætó. Tryggt verði að strætó gangi alla daga ársins. Strætó fái forgang á stofnleiðum og leiðakerfið taki mið af því að börn komist milli heimila sinna og frístundastarfs.

Lögð verði áhersla á endurnýjun úr sér genginna iðnaðar- og verslunarsvæða og þéttingu byggðar. Áhersla verði lögð á endurskipulagningu Elliðavogs og Höfðasvæðis. Skipulagi Mýrargötusvæðisins og Gömlu hafnarinnar verði lokið. Þegar fasteignamarkaður kemst í eðlilegt horf verði hafin uppbygging við Hlemm og á völdum svæðum í Vatnsmýri.

Við skipulag nýrra hverfa og endurnýjun gamalla hverfa verði stefnt að því að þar ríki félagslegur fjölbreytileiki. Leiguíbúðir verði minnst fimmtungur íbúða á nýjum byggðarsvæðum. Unnið verði að jöfnu aðgengi fyrir alla borgarana, innan húss sem utan.

Byggðamynstrið í miðborg Reykjavíkur verði verndað. Heildstæð húsverndaráætlun fyrir alla borgina verði hluti af nýju aðalskipulagi Reykjavíkur.

Gert verði ráð fyrir lestartengingu milli Vatnsmýrar og Keflavíkurflugvallar í nýju aðalskipulagi þar sem unnið verður að því að Vatnsmýrin byggist upp í áföngum.

Teknar verði upp viðræður um framtíð flugvallarins í Vatnsmýri.

Fjölskyldur og velferð

Þjónustumiðstöðvar í hverfum verði eflar svo öll nærþjónusta sé á einum stað og að hún sé kynnt íbúum.

Tekið verði af myndugleika á vanda útigangsfólks og tillögur gerðar um úrbætur í samráði við félagasamtök og fagfólk.

Samþætt heimaþjónusta og heimahjúkrun verði hverfisbundin. Unnið verði að nánari samstarfi og samvinnu við heilsugæsluna.

Skipulag Barnaverndar verði yfirfarið og almennu barnaverndarstarfi sinnt á þjónustumiðstöðvum.

Frístundakort barna verði „opnað“ svo hægt verði að bæta inn á það greiðslum.

Stefnt verði að því að tryggja að samanlögð fjárhags- og húsnæðisaðstoð nái lágtekjumörkum Hagstofunnar sem eru nú 160.800 kr. á mánuði. Stefnt verði að því að fjárhagsaðstoð sé ekki langtímaúrræði.

Öllum sem eru á framfærslu borgarinnar lengur en í 3 mánuði verði boðið upp á ráðgjöf, námskeið og önnur úrræði til að auka möguleika þeirra á virkri þátttöku í samfélaginu.

Reykjavíkurborg leiti eftir auknu samstarfi við Vinnumálastofnun um leiðir til úrbóta á aðstæðum þeirra sem eru utan vinnumarkaðar.

Markvisst verði unnið að flutningi þjónustu fatlaðra og aldraðra frá ríki til sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hafi forgöngu um þróun þjónustunnar. Notendastýrð þjónusta verði þróuð samhliða yfirflutningi eins og samtök fatlaðra hafa haft forgöngu um.

Mótuð verði þjónustustefna fyrir eldri borgara í Reykjavík í samstarfi við samtök þeirra.

Félagsmiðstöðvar í hverfum og þær listasmiðjur sem nú eru að mestu sóttar af eldri borgurum verði einnig opnaðar fyrir foreldra með ungbörn, atvinnuleitendur og aðra hópa sem gagn og gaman kynnu að hafa af því.

Húsnæðismál

Stuðlað verði að fjölbreytileika í framboði á húsnæði og félagslegri fjölbreytni í hverfum.

Fólk verði stutt í þeirri ákvörðun að búa heima með þeirri aðstoð sem þar er hægt að veita því.

Reykjavíkurborg stuðli að vexti og viðgangi húsnæðissamvinnufélaga, leigu- og búsetusamtaka í almannapágu.

Skoðað verði hvort Félagsbústaðir verði hluti af stærra húsnæðissamvinnu- og búseturéttarfélagi á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Íbúar í húsnæði á vegum borgarinnar hafi tækifæri til þess að skipta yfir í búseturéttarleið og eignast búseturétt.

Enn meira allskonar

Höfuðborgarsvæðið er sambyli. Litið verði á höfuðborgarsvæðið sem eina heild. Opnað verði á viðræður um hvers kyns sameiningu og nánari samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Stofnað verði embætti „umboðsmanns borgarbúa“ sem leiðbeinir íbúunum í samskiptum þeirra við embætti og stofnanir borgarinnar og veitir þeim ráðgjöf um rétt sinn.

Teknar verði upp viðræður um að Reykjavíkurborg reki tilraunaskóla fyrir 13-18 ára nemendur.

Öllum börnum standi til boða morgunverður og hollur hádegismatur í skólum og leikskólum á viðráðanlegu verði. Kannaður verði sá kostur að skólamáltíðir verði fjármagnaðar með valgreiðslum foreldra og annarra útsvarsgreiðenda í Reykjavík.

Flutningur húsa úr Árbæjarsafni á því sem næst upprunalega staði sína eða í húsasöguþyrpingu í Hljómskálagarðinum verði kannaður.

Dagbók borgarstjóra verði opin almenningi og aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.

Opnir hverfafundir borgarstjóra verði endurvaktir.

Fjármál

Velferð og þjónusta við íbúana njóti forgangs við ráðstöfun fjármuna borgarinnar.

Fjármál Reykjavíkurborgar eru fjármál borgarbúa. Fjármál borgarinnar verða sett fram á mannamáli og með myndrænum hætti sem öllum er skiljanlegur.

Unnin verði áætlun um efnahags- og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar til fimm og tíu ára. Samhliða gerð hennar verði unnar fjármálareglur, stefna um áhættu- og lánastýringu þar sem fjárhagslegt eftirlit verði styrkt í ljósi reynslunnar. Áætlunin og stefnan nái jafnt til borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar.

Góð meðferð almannafjár verði höfð að leiðarljósi í öllum rekstri Reykjavíkurborgar.

Styrkveitingar borgarinnar verði teknar til endurskoðunar. Farið verði yfir forsendur styrkja og samstarfssamninga borgarinnar, ásamt eftirliti með notkun þeirra og árangursmati. Þeir sem njóti styrkja skuldbindi sig til að vera með opið bókhald.

Þjónusta

Átak verði gert í netvæðingu þjónustu Reykjavíkurborgar.

Þjónusta borgarinnar á að taka mið af þeim sem nota hana. Allt viðmót þjónustu við íbúana verði einfaldað.

Markmið þjónustunnar og tímafrestir verði skilgreind þar sem því verður við komið. Framkvæmd þjónustunnar endurspegli þann rétt sem Reykvíkingar eiga á faglegri þjónustu, skilvirkni og góðri nýtingu fjármuna.

Borgin taki upp stöðugt árangursmat þjónustu á sem flestum sviðum og unnið verði að því að innleiða vottuð gæðakerfi þar sem við á.

Fyrirtæki borgarinnar

Eigendastefna verði skilgreind fyrir fyrirtæki og byggðasamlög í eigu borgarinnar.

Tryggja þarf að stefna Reykjavíkurborgar nái fram að ganga í samræmi við eignahluti borgarinnar í byggðasamlögum og fyrirtækjum borgarinnar að teknu eðlilegu tilliti til hagsmuna og sjónarmiða minnihlutaeigenda.

Innra eftirlit veiti virkt aðhald í borgarkerfinu og reglubundið árangursmat verði ófrávikjanleg regla í öllum rekstri.

Allskonar allskonar

Ávallt verði lögð áhersla á bjarta framtíð Reykjavíkur.

Fyrstu verk meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar

... lúta að fjórum þáttum: borgarbúum, sjálfbæru gagnsæi, traustatökum og allskonar og munu birtast á næstu dögum.

Í fyrsta lagi:

Útigangskonum verði búið öruggt húsaskjól fyrir fyrstu snjóá í haust.

Bstj. 15. júní 2010

Systkinaforangur verði tekinn upp í leikskólum.

Ókeypis verði fyrir börn í sund í sumar.

Settur verði upp innileikvöllur í Perlunni.

20 græn svæði og leikvellir borgarinnar verði teknir í gegn í sumar og boðnir borgarbúum til umhirðu. Sérstaklega verði hugað að þörfum ömmu og afa á leiksvæðunum.

Vefurinn Betri Reykjavík, www.betriereykjavik.is, verði nýttur til stuðnings við ákvarðanir og stefnumótun.

Opnað verði vefsvæði fyrir ábendingar almennings um aðkallandi viðhald og viðgerðir í borginni.

Dagbók borgarstjóra verði opin.

Fagleg rekstrarúttekt verði gerð á Orkuveitu Reykjavíkur.

Nefndum borgarinnar verði fækkað til að auka skilvirkni og spara nefndarlaun.

Langtímaáætlun verði gerð um fjármál, framkvæmdir, borgarþróun og atvinnumál og hún liggi fyrir árslok.

Skólar eiga að geta áunnið sér sérstakan menningarfána strax næsta vetur með því að setja sér menningarstefnu og t.d. taka listamenn í fóstur.

Efnt verður til kvennakvölds í Reykjavík í haust, þar sem karlarnir sitja heima og konurnar fara út.

Reykjavíkurborg styðji við nýtt heimili kvikmyndanna í Regnboganum.

Og síðast en ekki síst:

Borgarstjóri verði kjörinn stjórnarformaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

[Hlátur í salnum og klappað.]

Forseti: Ég ítreka beiðni mína til áhorfenda um að virða fundarsköp í þessum sal hér.